

Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson, Náttúrustofu Vestfjarða.

Fuglar að vorlagi í Hornstrandafriðlandi 2003-2004

Hornstrandir á norðanverðum Vestfjörðum voru gerðar að friðlandi 1975. Litlar upplýsingar eru til um fugla að vorlagi á þessu svæði en athuganir hafnar vorið 2003 og síðan 2004. Þessar athuganir eru hluti af langtímarannsóknum í Hornstrandafriðlandi á vegum Náttúrustofu Vestfjarða. Þann 3. mars 2003 voru fuglar taldir af báti. Talið var frá Sandeyri á Snæfjallaströnd að Rit og lögð aðaláhersla á straumendur og skarfa. Straumendurnar voru í litlum hópum (10-50) og sáust mjög víða. Flestar þó á milli Grunnavíkur og Höfðastrandar, á annesjum í Veyðileysufirði og frá Sléttu að Rit. Mest sást af skörfum við Vébjarnarnúp en víða sáust fáeinir fuglar. Nokkur hundruð hávellur sáust í Leirufirði og Hrafnsfirði. Í Lónafirði var nokkuð af svartfugli. Seinni partinn í maí 2004 var farið á báti og leitað að umferðafuglum á völdum stöðum, frá Grunnavík að Hornvík. Rauðbrystingar og tildirur sáust undir Lásfjalli í Veiðileysufirði og í Hesteyrarfirði. Í Aðalvík, Hornvík og Fljótavík var lítið af vaðfuglum en fáeinir sanderlur sáust í Hornvík. Niðurstöður þessara athugana benda ekki til að Hornstrandafriðland sé mikilvægt fyrir umferðavaðfugla, en sjófuglar og endur (straumendur og hávellur) virðast nýta svæðið á vorin.